

Hellisskógur 40 ára



Um þessar mundir eru liðin 40 ár frá því Skógræktarfélag Selfoss hóf uppbygging útivistarsvæðis í Hellisskógi. Félagið er þó mun eldra, en það var stofnað 16. maí 1952.

Upp úr 1980 jókst áhugi félagsmanna að byggja upp skógræktar- og útivistarsvæði í nálægð við Selfossbæ og var erindi þess efnis sent bæjarstjórn vorið 1982, en Hellisland var þá þegar komið í umræðuna sem hentugur staður. Það var svo 1. október 1985 að samningur við Selfossbæ um uppbyggingu svæðisins var undirritaður og svæðið strax nefnt „Hellisskógur“ þó engin tré væru á svæðinu. Um var að ræða tæplega helming þess lands sem síðar varð. Frá árinu 1986 hefur Hellisskógur

við Selfoss verið aðal vinnusvæði skógræktarfélags Selfoss.

Í tilefni af þessum tíma-mótum verður efnt til útivistardags í skóginum laugardaginn 4. október nk. kl. 11-14. Þar verður boðið upp á ýmsa afþreyingu og útivist fyrir unga sem aldna, s.s. göngu um skógin undir leiðsögn, skokk með hlaupahópnum Frískum floámönnum, ratleik í skóginum ásamt fræðslu um fugla í og við Helliskóg. Þá munu félagar í Stangaveiðifélaginu fræða fólk um veiðina í Ölfusá og án efa munu félagar í „Brúarsmíðaflokknum“ mæta og ræða heims málin! Hátíðinni líkur svo með grilluðum pylsum, gosi, kaffi og kleinum.

Sjá nánar á bls. 11.

Borið nýja holu í Hveragerði

Veitur hefja nú undirbúning á borun á nýrri holu í Hveragerði. Holan verður staðsett í Hveragarðinum við varmastöðina Bláskóga. Holan mun nýtast hitaveitukerfi bæjarins en á svæðinu er nú þegar ein borhola sem hefur reynst vel. Stefnt er að því að borun ljúki í lok október og verði tekin í notkun á nýju ári.

Á meðan framkvæmdir standa yfir verður Varmá vöktuð þar sem umfram vatn mun renna í ána. Framkvæmdir eiga ekki að hafa áhrif á lífríki ánnar en hún verður vöktuð samt sem áður.



Mynd: Veitur.

Svanhildur Jónsdóttir endurkjörin formaður

Svanhildur Jónsdóttir, Selfyssingur og deildarstjóri fjárfestinga rafveitu hjá Veitum, var nýverið endurkjörin formaður LeiðtogaAuðar, en aðalfundur deildarinnar átti sér stað nú á dögunum. Þetta er þriðja árið í röð sem Svanhildur gegnir starfinu.

Samhliða Svanhildi var ný stjórn kjörin fyrir starfsárið 2025-2026. Þetta er 25 ára afmæli deildarinnar. LeiðtogaAuður er sérstök deild innan FKA, Félags kvenna í atvinnulífinu. Tilgangur félagsins er að efla stöðu kvenna í íslensku atvinnulífi og stuðla að fjölgun kvenna í stjórnarhlutverkum og rekstri.



Stjórn LeiðtogaAuða fyrir 2025-2026. Frá vinstri, Jóhanna, Elín, Valdís, Svanhildur, Erla og Ásdís. Ljósmynd: Andrea Róbersdóttir, framkvæmdastjóri FKA.

**Fáðu
fagmann
í verkið**



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025

**NÝR
TOYOTA PROACE**



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



**Toyota
Selfossi**



Hægt er að senda inn fréttatilkynningar
á netfangið dfs@dfs.is

Súperlagnir er alhliða þjónustufyrirtæki á
sviði pípulagna á Selfossi

SÚPER
LAGNIR

VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR STÓR SEM SMÁ VERKEFNI

Símin hjá okkur er 664-8892 eða senda verkbeiðni á superlagnir@superlagnir.is



AÐALSKOÐUN
Létt öryggisskoðun
fyrir veturinn

verður í boði til reynslu í október aðeins á
stöðinni okkar að Eyraavegi 51, Selfossi

Farið er yfir hemlabúnað,
hjólalabúnað og hjólbarða

4.990 -

Förum örugg inn í veturinn!

Sjáumst á lðnaðarsýningunni í Laugardalshöll
dagana 9.-11. október!

ÖRUGGT VIÐHALD

VINNUPALLAR

- ÖRUGGAR LAUSNIR -
www.vpallar.is

Vinnupallar ehf. - Vagnhöfða 7 - s. 557 9933
vpallar@vpallar.is

Mikið drama, mikil gleði og mikil ást!

Óskar Snorri Óskarsson er ungur og efnilegur leikari frá Hruna í Hrunamannahreppi sem er nú á sínu öðru ári í leikaranámi við Listaháskóla Íslands. Um þessar mundir er Óskar að taka þátt í leiksýningunni Jónsmessunæturdraumur sem var frumsýnd 26. september sl.

Ætlaði að verða sauðfjárbóndi

Óskar hefur haft gaman af leiklist frá því hann var ungur en bjóst aldrei við að verða leikari. „Ég hef alltaf kunnað vel við mig á sviði og byrjaði að syngja ungur og söng þá bara Villa Vill og Óðinn Valdimarsson. Sem krakki og unglingur hef ég einhvern veginn aldrei ætlað að verða leikari. Mitt helsta markmið þá var að fara í Landbúnaðarháskólann og verða sauðfjárbóndi, en það hefur alltaf verið einhver listataug í mér sem ég get ekki losað mig við,“ segir Óskar. Óskar segir að leiklistaráhuginn hafi vaxið í Flúðaskóla sem leggur mikinn metnað í leikritin bæði á unglingastigi og yngri bekkjum. „Þar fyrst fann ég fyrir þessari skrítnu tilfinningu, leikgleði!“ Óskar stundaði í framhaldinu nám við Menntaskólann að Laugarvatni þar sem hann fékk ýmist að leika upp á sviði sem ýtti einungis meira undir áhugann.

Leikrit í leikriti

Óskar fékk þann heiður að taka þátt í leikritinu Jónsmessunæturdraumur eftir Shakespeare, undir leikstjórn Maríu Ellingsen, Magnúsar Thorlacius og Eyju Sigríðar Gunnlaugsdóttur. Tólf hæfileikaríkir og skemmtilegir leikarar mynda leikhópin og eru margir þeirra að stíga sín fyrstu skref í atvinnuleikhúsi, m.a. Óskar. „Það má búast við



alls konar fjöri á sýningunni! Mikið drama, mikil gleði og mikil ást! Það er sungið, dansað og grátið!”

„Gamanleikritið fjallar í grunninn um ástina og hvað hún getur verið flókin. Leikritið fjallar um ungt fólk sem flýr frá Aþenu í skóg þar sem álfar ráða ríkið. Álfarnir villa fyrir þeim ástina og lenda þau í alls konar klandri. Á sama tíma eru svokallaðir handverksmenn að setja upp leikrit. Þessir handverksmenn byrja að æfa leikritið úti í skógi og verða þannig hluti af öllu ástarklandinu. Það er flókið að setja upp leikrit í leikriti.”

Óskar fer með hlutverk Belga Físilbelgjabætis, einn af handverksmönnunum sem setja upp leikrit í leikritinu. „Hann er upprennandi leikari í Aþenu en frekar feiminn og öruggur sem gerir honum erfitt að fá mikla athygli frá leikstjóranum sínum. En það eina sem Belga langar að gera er að vera í sviðsljósinu. Kannski smá eins og ég?,” segir Óskar með bros á vör.

Æfingar fyrir sýninguna hófust í sumar og hafa staðið yfir nær daglega í rúman mánuð. „Æfingaferlið hefur gengið eins og í sögu! Þetta hefur verið ein

stór skemmtiferð.“ Óskar segir hópinn vera afar samheldinn og honum þykir mjög vænt um hann. „Stundum hafa komið erfiðir tímar á æfingum en hópinn hefur alltaf staðið saman. Svona ferli tekur mikið á tilfinningalega og líkamlega. Maður er svo mikið að spila með alls konar tilfinningar og berskjalda sig svo mikið og þá er gott að vera í sterkum hópi.”

Námið við LHÍ er í góðum farvegi

Óskar segir námið við listaháskólann ganga afar vel. „Við erum 10 í bekk og eru þau öll svo frábær. Ég hlakka til alla morgna að hitta þau! Ég er búinn að læra alveg ótrúlega margt bæði um leiklistina en líka bara um sjálfan mig. Þetta er svo mikið sjálfsskoðun. Námið getur verið ansi strembið bæði líkamlega og andlega en við bekkjarsystkinin styðjum hvort annað í gegnum öll harðindin,” segir Óskar.

Framtíðin er björt

Það sem heillar Óskar mest við að standa á sviði er frelsið sem fylgir því. „Að standa fyrir framan fólk og fá að skemmta og hreyfa við þeim er það sem fær mig til að vilja fara upp á svið aftur og aftur,” segir Óskar.


Óskar segist ekki hafa nein sérstök markmið í sambandi við leiklistina. „Ég bara fylgi flæðinu og vonandi fæ ég að leika eitthvað og skapa. Þetta er nefnilega svo gaman að taka við allskonar verkefnum og ég hef fulla trú á því að draumahlutverkið mitt sé handan við hornið.”

Leikhópurinn verður að sýna alveg fram að jólum og hægt er að næla sér í miða á tix.is.

SEG



Óskar Snorri Óskarsson. Mynd: Aðsend.



LYFSEÐILSSKYLD LYF **FRÍTT HEIM**

Heimsending að jafnaði innan klukkustundar í Lyfju appinu.



Sæktu
Lyfju appið

Miðbær Selfoss vekur ánægju

Þann 10. júlí 2021 má segja að ásynd Selfoss hafi tekið jákvæðum breytingum þegar fyrsti áfangi miðbæjar Selfoss opnaði. Afleiðingarnar gátu fáið séð fyrir en á einni nóttu breyttist ásynd Selfoss frá því að vera bær við þjóðveginn í að vera áfangastaður menningar, þjónustu og afþreyingar.

Framkvæmdir halda áfram næstu árin

Verkefnið var sannarlega umdeilt í samfélaginu í upphafi og fór m.a. í íbúakosningu sumarið 2018 þar sem íbúar í Árborg ákváðu að byggja ætti miðbæinn í þeim anda sem nú er að rísa. Hugmyndir þróast á sumarið 2023 var haldin íbúakönnun þar sem 90% þeirra íbúa sem tóku þátt leist vel á að stækka miðbæinn og tengja enn frekar við Sigtúnsgarðinn sem kemur í framhaldi af miðbæjarsvæðinu. Spennandi hugmyndir sem sjá má betur á mynd að neðan.

Nú er bílastæðahús fyrir rúmlega 200 bíla tilbúið og framkvæmdir langt komnar með verslunar- og þjónustuhúsnæði ásamt íbúðum við hlið mat-hallarinnar. Framkvæmdaaðilar halda áfram og var skóflustunga

að næsta áfanga tekin í síðustu viku af félögum eldri borgara á Selfossi.

Næstu áfangar eiga svo að opna einn af öðrum næstu fjögur árin. Það verður því áfram ný og skemmtileg upplifun í miðbæ Selfoss og nágrenni.

Sigtúnsgarður órjúfanleg tenging

Í nýju skipulagi er gert ráð fyrir einstakri göngugötu, „Menningarstræti“, sem verður niðurgrafin og tengist beint í svokallaða söngskál og áfram inn í Sigtúnsgarðinn. Þessi tenging ásamt fleirum er samstarfsverkefni sveitarfélagsins og framkvæmdaaðila þar sem Sigtúnsgarður er ekki hluti af framkvæmdasvæði miðbæjarins heldur opið grænt svæði. Á inni má sjá hvernig miðbæinn og Sigtúnsgarður tengjast saman sem gefur tækifæri til að auka nýtingu garðsins stærri hluta ársins.

Sveitarfélagið hefur stofnað samráðshóp sem vinnur með hönnuði, framkvæmdaaðilum miðbæjarins, hátíðarhöldurum og öðrum hagsmunaaðilum að þróun Sigtúnsgarðs. Horft er til nýtingarmöguleika, tenginga

Bragi Bjarnason

Bæjarstjóri og oddviti sjálfstæðis-flokksins í Árborg



við miðbæ og nærliggjandi byggðar til að skapa svæði sem íbúar og gestir vilja heimsækja og njóta útivistar og viðburða. Gert er ráð fyrir að hönnun Sigtúnsgarðs verði tilbúin á þessu ári og framkvæmdir við garðinn unnist samhliða uppbyggingu miðbæjarins.

Styður hvert annað!

Uppbygging innan Sveitarfélagsins Árborgar hefur verið ótrúleg undanfarin ár og margir þættir sem spila þar saman. Öflugir framkvæmdaaðilar hafa byggt upp íbúðahverfi en nú eru yfir 400 íbúðir í byggingu. Sveitarfélagið byggir upp grunnþjónustuna ásamt því að miðbær Selfoss og fleiri atvinnusvæði auka enn frekar vægi verslunar, þjónustu og menningar á svæðinu. Allt styður þetta hvert annað og skapar um leið lifandi samfélag sem á svo sannarlega við Sveitarfélagið Árborg.



Drög að áætlaðri byggingu við miðbæ Selfossar.



Miðbæinn og Sigtúnsgarðurinn.

Nýtt hundasvæði í Vík

Nýtt hundasvæði, staðsett í hrapinu í Vík, hefur nýlega verið girt. Þar er hundaeigendum velkomið að koma með hundana

sína og leyft þeim að hlaupa um lausir og fá sér frískt loft.

Hundaeigendur eru endilega hvattir til að nýta sér að-

stöðuna, en eru jafnframt beðnir um að hafa hreinlæti í huga og að hundar séu ávallt á ábyrgð eiganda.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Gáta vikunnar

Hann er festur öngul á, einn í burt er vesæll. Við beisli tengdur sífellt frá, og svartur liggur nefi frá.

Svar við gátu í blaði 2821: **HALD**
1. Ísinn örðinn vel mannheldur
2. Fer í varðhald - 4. Hald manna

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Andalæri í dós með ofnbökuðum gulrótum

Ingvi Már Guðnason er sunnenski matgæðingur vikunnar.

Ég vil byrja á því að þakka Gabríel fyrir að skora á mig. Ég ætla að deila hér mjög góðri uppskrift sem þægilegt er að grípa á í laugardögum þegar maður hefur kannski ekki mikinn tíma en langar samt í eitthvað í betri kantinum. En þetta eru andalæri úr dós og meðlæti.

Andalæri í dós

Ég tek andalærin upp úr dósinni og set á ofnplötu, set þau inn í ofn við 180 gráður í 15-20 mín eða þar til að skinnið er orðið þínu stökkt, stundum krydda ég þau með timian.

Kartöflurnar (helst litlar) forsýð ég í svona 10-15 mín, síðan tek ég þær í tvennt og velti þeim upp úr afgangsfittunni úr dósinni af andalærunum og krydda með timian og grófu sjávarsalti. Þær set ég síðan í ofninn með lærunum. Stundum tek ég lærin út og hækka þá hitann á kartöflunum til að fá þær aðeins stökkar.

Ofnbakaðar gulrætur

Gulrætur
Olía
Hunang
Salt
Pipar

Ég velti gulrótunum upp úr olíu, salti og pipar. Ég baka þær svo í 200 gráðu heitum ofni í 20 mín. Stundum set ég þær í loftsteikingarofn (Airfryer) og þegar það eru svona 5 mín eftir drisla ég þínu hunangi yfir þær og læt þær svo klára að bakast í ofninum.

Mig langar að skora á Júlíu Sjörup Eiríksdóttur matgæðing með meiru að koma með uppskrift í næsta blað.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Parfaggreining

Hírast í haustsins hreti, drengur og stúlka standa við leið. Augnaráð lituð af vonleysi og neyð, kvíða þau kuldans vetri?

Biða eftir fari í lærdómsbýlið, með Árborgar-bílnum langa. Vindurinn keyrir vætu á vanga "Ó mæ gad! Hvar er he%#*s strætóskýlið?"

Það er þörf fyrir strætóskýli á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Tinna Björg Kristinsdóttir

A green square containing the white letters "TM".

TM

Sama hvar þú ert í

Lífinu

þá viltu vera hjá TM





Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Snjómokstur á héraðsvegum, tengivegum og heimreiðum í Flóahreppi 2025-2028



Tilkynning um verðkönnun

Flóahreppur gerir hér með verðkönnun fyrir verkið:

Snjómokstur á héraðsvegum, tengivegum og
heimreiðum í Flóahreppi 2025 – 2028

Verðkönnunargögn er eftirfarandi:

- Hefti: Verðkönnunargögn, verklýsing og tilboðsskrá.
- Hægt að nálgast útprentað á skrifstofu Flóahrepps eða óska eftir eintaki í tölvupósti á floahreppur@floahreppur.is frá og með 6. október 2025.

Um verðkönnuna gilda auk þess eftirtalin rit, sem verða hluti samnings:

- ÍST20:2012 almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir.
- Reglur um vinnusvæði: Gildandi útgáfa.
- ÍST30:2012 er hægt að kaupa hjá staðlaráði Íslands.

Fyrirspurnir ásamt óskum um upplýsingar skulu berast til Flóahrepps, eigi síðar en 17. október 2025 á netfangið floahreppur@floahreppur.is

Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi merktu „tilboð til Flóahrepps“ fyrir kl. 16:00 þriðjudaginn 21. október 2025 og sama dag á sama stað verða tilboðin/verðkönnun opnuð kl. 16:15 að viðstöddum þeim, sem þess óska.

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að semja við einn eða fleiri aðila, taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Þingborg Flóahreppi, 29. september 2025
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Ölfus án sjónhverfinga pólitískra töframanna

Á dögunum kynnti sveitarfélagið Ölfus undir forystu Sjálfstæðisflokks að nýtt hjúkrunarheimili rísi í Þorlákshöfn. Mikið vildi ég að hér hefðu verið lögð fram sannindi því öll vitum við sem búum í Þorlákshöfn að það er langþráður draumur að fá hjúkrunarheimili á staðinn svo fólkið okkar, sem sum hver byggði bæinn upp frá grunni, geti fengið að eiga ævinkvöldið í sínum heimbæ.

Ens og öll þau sem stýra sveitarfélögum vita þá þarf hins vegar meira til heldur en samkomulag um úthlutun lóðar við fasteignafélag til þess að geta sagt að hjúkrunarheimili muni verða að veruleika.

Samkomulagið sem kynnt var er við sama fasteignafélag og kynnti nýja glæsilega hótélbyggingu við golfvöllinn rétt fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar sem ekki sést tangur né tetur af. Þetta er einnig sama fasteignafélag og sveitarfélagið er búið að lofa að byggja upp hverfi sem rúmar íbúafjölda Eyrarbakka á grænum svæðum mitt á milli gamla hluta þorpsins og hafnarsvæðisins. Fasteignaverkefni sem hefur mætt mjög mikilli andstöðu íbúa, en í fyrrnefndri fréttatilkynningu þá segir að hjúkrunarheimilið sé „örjúfanlegur hluti“ af því. Eins

og þetta lítur út fyrir mér, þá er hér verið að blása glimmeri í augu íbúa sem munu þá jafnvel fyrirgefa byggingu á þessu umdeilda hverfi, því þar er að rísa hjúkrunarheimili.

Hjúkrunarheimili sem því miður er engin innistæða fyrir.

Hjúkrunarheimili eru nefnilega fjármögnuð af ríkinu. Bæjarstjórnin í Ölfusi hefur ekki komið á samtali við þá ráðherra ríkisstjórnarinnar sem fara með öldrunarmál og hvorki er til staðar rekstrarsamningur né vilyrði fyrir hjúkrunarheimili. Áður en farið er af stað með uppbyggingu hjúkrunarheimila er nauðsynlegt að gera það í gegnum samning við ríkið enda er öll þjónustan á ábyrgð ríkisins. Það þarf að byrja á réttum enda og öll góð verkefni hefjast með samtali, ekki innihaldslausum fréttatilkynningum.

Íbúar í Ölfusi sjá í gegnum svona sjónhverfingar. Þeim er mörgum hverjum farið að leiðast þessi innihaldslausu töfrabroð. Það sem þeir þurfa að mínu mati eru heiðarleg stjórnvöld í stað galdrakarla. Stjórnvöld sem skilja gildi samvinnu og samtals. Stjórnvöld sem eru tilbúin til að hleypa íbúum að borðinu í mikilvægum ákvörðunum um framtíð sveitarfélagsins, eins og í skipulags- og atvinnumálum.

Ása Berglind
Hjálmarsdóttir



Við þekkjum öll söguna af því hvernig íbúar kölluðu fram íbúakosningu um umdeilt verkefni, það var sannarlega ekki að frumkvæði meirihlutans. Minnihlutinn í bæjarstjórn hefur ítrekað kallað eftir því á þessu kjörtímabili að unnin verði atvinnustefna í góðu samtali við íbúa og aðra hagaðila. Nú eru 8 mánuðir eftir af kjörtímabilinu og enn hefur íbúum ekki verið boðið í það samtal.

Draumurinn um hjúkrunarheimili í Þorlákshöfn verður örugglega að veruleika einhverntíman og mun ég leggja mitt að mörkum til að svo verði, en þessi framsetning er ekkert annað en blekking gagnvart íbúum í Ölfusi.

Það er tilhlökkunarrefni fyrir mig sem íbúa í sveitarfélaginu Ölfusi að kosningar séu á næsta leiti og að íbúum gefist þar kostur á að velja sér nýja stjórnendur fyrir þetta sameiginlega félag sem við eigum. Við eigum skilið betri vinnubrögð, við eigum skilið betri framkomu.

Heggur sá er hlífa skyldi

Á undanförunum árum hefur Bæjarstjórn Ölfuss staðið saman um það að byggja upp hjúkrunarheimili í Þorlákshöfn. Þar hefur verið barist í mótbyr, enda höfðu forverar okkar í bæjarstjórn áður ákveðið að öll slík þjónusta fyrir Árnessýslu skyldi einungis fara fram á Selfossi.

Á fjölmörgum fundum sem við höfum átt með þingmönnum, ráðherrum og embættisfólki höfum við fengið þau svör að ekki væri tímabært að ræða hjúkrunarheimili í Þorlákshöfn og alltaf vísað í gamla samþykktina um Selfoss. Á meðan bíða um 800 manns eftir hjúkrunarrými á Íslandi, þar af 150 á spítala í svokölluðum „bíðrymum“ á göngum, í geymslum og öðrum óþöðlegum aðstæðum. Spár segja að fjölga þurfi hjúkrunarrýmum um 3.700 fyrir árið 2040, eða um 130%, til að mæta þörfinni. Á sama tíma eru eldri borgar í hjúkrunarþörf hér í Þorlákshöfn fluttir hreppaflutningum til að fá lífsnauðsynlega þjónustu. Það er því augljóst að ekki er hægt að sitja með hendur í skauti.

Í ljósi þessarar grafalvarlegu stöðu og í góðri samstöðu bæjarstjórnar var ákveðið að horfa til samstarfs við einkaaðila. Til að rjúfa kyrrstöðuna var auglýst eftir samstarfsaðilum um fasteignapróun og sérstaklega tekið fram að samhliða væri horft til þess að samstarfið myndi ná til byggingar hjúkrunarheimilis við

Egilsbraut. Það var gert til að tryggja eldra fólki í okkar samfélagi nauðsynlega þjónustu. Niðurstaðan varð samstarf við Íslenskar fasteignir sem hafa mikla og trausta reynslu af byggingu og rekstri hjúkrunarheimila, meðal annars við Sól-tún í Reykjavík.

Þegar þessum áfanga var náð brást þingmaður Samfylkingarinnar hins vegar við með hæðni og úthrópun. Hún vék að því að einkaaðilar væru þátttakendur í málinu og talaði um „glimmersprengju“ og „töfrabroð“. Slíkt tal er ekki bara virðingarleysi við bæjarstjórn heldur fyrst og fremst við eldra fólk sem bíður eftir því að fá mannsæm- andi þjónustu.

Við í bæjarstjórn Ölfuss erum stolt af samstöðu okkar og þeim

áföngum sem náðst hafa. Við vitum að verkefnið er ekki full- unnið en við vitum líka að ef málið er dregið niður í pólitískar skotgrafir þá er tryggt að ekkert gerist. Því hvetjum við þingmenn kjördæmisins, sérstaklega þann sem hér býr, til að taka þátt í þeirri baráttu sem hér er sameiginleg í stað þess að vinna gegn henni.

Við munum ekki eyða tíma í orðaskak eða háðsglósur. Við ætlum að verja hagsmuni eldra fólks og tryggja að hjúkrunarheimili rísi í Þorlákshöfn. Þar liggja forgangsmálin, ekki í pólitísku karpi.

Gestur Þór Kristjánsson
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir
Grétar Ingi Erlendsson
Erla Sif Markúsdóttir.



Selfoss semur við markmann

Philipp Seidemann hefur samið við handknattleiksdeild Selfoss til ársins 2027. Philipp, sem er Þjóðverji, er 23 ára gamall markmaður, alinn upp í akademíunni hjá Leipzig. Philipp kemur til Selfoss frá liðinu Plauen Oberlosa sem leikur í þýsku 3. deildinni, þar áður lék hann með Glauchau Meerane og Dessau-Roßlau.

Við fögnum því að Philipp velji að taka sín næstu skref með ungu og efnilegu liði Selfoss í Olísdeildinni í vetur. UMFS



Philipp Seidemann er nýr markmaður Selfoss í handbolta. Mynd: UMFS.



Ljóð vikunnar

ÁN ÁRANGURS

Allan daginn
voru þrumur og eldingar
eins og himinninn vildi knýja
allra mögulegra dyra
áhyggjufullur
út af hruni loftlagsins
en ekki síður
mannkynsins.

Germain Droogenbroodt, Belgíu - Spáni
úr "Fragile Balance"

Þór Stefánsson þýddi eftir enskri þýðingu höfundar og Stanley's Barkan
Mynd: Blizschlag, Susan Tiedt, Þýskalandi

Útivistardagur í Hellisskógi



Laugardaginn 4. október kl. 11-14.

Í tilefni þess að 40 ár eru liðin frá því að uppbygging Helliskógar hófst verður efnt til útivistardags í skóginum næstkomandi laugardag.

Þar verður boðið upp á ýmsa afþreyingu og útivist fyrir unga sem aldna, s.s. göngu um skóginn undir leiðsögn, skokk með hlaupahópnum Frískum flóamönnum, ratleik í skóginum ásamt fræðslu um fugla í og við Helliskóg. Þá munu félagar í Stangaveiðifélaginu fræða fólk um veiðina í Ölfusá og án efa munu félagar í „Brúarsmíðaflokknum“ mæta og ræða heims málin!

Hátíðinni líkur svo með grilluðum pylsum, gosi, kaffi og kleinum.

Skógræktarfélag Selfoss



Fyrstu skref í sorg

Erindi um sorg og sorgarviðbrögð eftir ástvinamissi

Verður haldið í Safnaðarheimili Selfosskirkju
miðvikudaginn 8. október
kl. 20:00.



Skráning á sorgarmidstod.is

Pípari óskast

Pípulagnir Suðurlands óskar eftir að ráða faglærðan pípulagningamann/konu, eða einstakling vanan pípulögnum.

Nánari upplýsingar veitir Ívar í síma 823 6656 eða ivar@psud.is.



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025

Laus störf við Fjölbrautaskóla Suðurlands

Fjölbrautaskóli Suðurlands auglýsir tvö laus störf:

- Stuðningsfulltrúi á sérnámsbraut. Um er að ræða 60% starf til 15. maí 2026. Helstu verkefni eru að aðstoða nemendur sérnámsbrautar við daglegar athafnir og virka þátttöku í skólasterfinu. Ýta undir færni og sjálfstæði þeirra og fylgja þeim um skólann. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Fjármálaráðuneytis og FOSS. Umsóknarfrestur er til 6. október.
- Starfsmaður í mótuneyti á Reykjum í Ölfusi. Um er að ræða 50% starf til 15. maí 2026. Helstu verkefni eru að flytja tilbúinn hádegismat frá Selfossi að Reykjum, framreiða mat, ganga frá og ræsta í eldhúsi auk tilfallandi verkefna. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Fjármálaráðuneytis og FOSS. Umsóknarfrestur er til 10. október.

Leitað er eftir áreiðanlegum einstaklingum með mikla þjónustulund, þolinmæði og jákvæða framkomu. Góð íslenskukunnátta er skilyrði og reynsla af sambærilegum störfum er kostur.

Sótt er um á starfatorg.is. Þar eru ítarlegri auglýsingar með nánari upplýsingum um hæfnikröfur og fleira. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út nema umsækjandi ákveði annað. Umsækjendur þurfa að skila inn hreinu sakavottorði skv. lögum nr. 92/2008. Í samræmi við jafnréttisáætlun skólans er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir.

Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans www.fsu.is.

Skólameistari



First Water meðal fyrstu landeldisfyrirtækja heims til að hefja sölu á 5 kg laxi



Ljósmynd: First Water.

Mikilvæg þáttaskil urðu í starfsemi landeldisfyrirtækisins First Water í síðustu viku þegar félagið hóf vinnslu og pökkun á 5 kg laxi til útflutnings. Með því varð fyrirtækið eitt af fyrstu landeldisfyrirtækjum á heimsvísu til að ná þessum áfanga, en um er að ræða afar eftirsóttu og verðmæta vöru á alþjóðamarkaði. Öll framleiðslan hefur nú þegar verið seld til Bandaríkjanna og Evrópu.

Í sumar hóf First Water notkun á fyrstu 25 metra yfirbyggðu landeldistönkunum, og eru nú fjórir slíkir tankar af átta komnir í fulla notkun. Tilkoma þessara tanka gerir félaginu kleift að framleiða lax í hæsta gæðaflokki og veita viðskiptavinum jafnt og stöðugt framboð allan ársins hring.

„Kaupendur okkar eru afar spenntir að fá þessa nýju hágæðaaufurð. Það er mikil þörf á aukinni próteinframleiðslu á heimsvísu og First Water er nú í þeirri stöðu að vera eitt fárra fyrirtækja í heiminum sem getur boðið kaupendum 5 kg slægðan hágæðalax sem ræktaður er og unninn á umhverfisvænan hátt, allan ársins hring,“ segir Eggert Þór Kristófersson, forstjóri First Water.

Hreinleiki vatnsins og lokaðir tankar lykillinn að gæðum

Uppbyggingin á athafnasvæði First Water hefur gengið vel undanfarna mánuði. Félagið hefur fjárfest fyrir um 8 milljarða króna á árinu í tönkum, búnaði og öðrum innviðum. Gert er ráð fyrir að fyrsta fasa af sex verði

lokið árið 2027 en framleiðslugeta í hverjum fasa verður um 10.000 tonn af slægðum laxi.

Eldstankarnir sem nú eru komnir í notkun eru yfirbyggðir og búnir fullkomnustu tækni sem völ er á. Virkni lokuðu tankanna er afar góð og með þeim er tryggt að áhrif utanaðkomandi streituvalda á borð við óveður, fugla og hávaða séu lágmarkuð sem og hætta á utanaðkomandi óhreinindum og sjúkdómsvöldum. Hreinleiki jarðsjávar sem nýttur er við framleiðsluna er einstakur og þannig er áhætta í rekstrinum takmörkuð og stöðug gæði lokaafurðarinnar tryggð. Félagið hefur tekið í notkun afar öflugan vatns-hreinsibúnað sem tryggir svo að starfsemin skilar af sér sjóvatni sem er hreinna en sjórinn undan ströndum Þorlákshafnar. Þannig er framleiðsla First Water á laxi ein sú sjálfbærasta og umhverfisvænasta sem kostur er á.

„Það hefur verið afar ánægjulegt að sjá hve vel laxinn hefur vaxið og dafnað í yfirbyggðum tönkum. Fyrstu laxarnir fóru í tankana í júlí síðastliðnum og nánast um leið mátti sjá framfarir í vaxtarhraða. Þetta hátækni-lega eldisumhverfi er afkrastur mikillar vinnu starfsfólks First Water og er virkni yfirbyggðu tankanna betri en væntingar stóðu til,“ segir Eggert.

Jól í skókassa

Enn á ný er kvatt til þátttöku í verkefninu Jól í skókassa. Þetta er tuttugasta og annað árið í röð sem það er haldið. Á þessum rúmlega 20 árum höfum við sent börnum og ungmennum í Úkraínu um það bil eitt hundrað þúsund jólagjafir. Þau sem fá slíka gjöf eru einstaklingar sem búa við fátækt, sjúkdóma, munaðarleysi og aðrar þær aðstæður sem gera líf þeirra erfitt.

Við fáum á hverjum degi fréttir af stríði í Úkraínu sem bætast ofan á allt annað. Fólk hefur flúið svæði þar sem bardagar eiga sér stað og sprengjum er varpað á mörg svæði í landinu. Börn eru oftar en ekki fórnarlömb í slíkum aðstæðum.



Þegar verkefnið hófst upp úr síðustu aldamótum var ástandið afar erfitt í landinu. Hvað þá núna. Svo þörfin hefur aldrei verið meiri.

KFUM og KFUK á Íslandi vinna þetta verkefni í samstarfi við KFUM í Úkraínu. Hér heima vinnur fjöldi fólks

í sjálfböðavinnu við að taka á móti kössum, flokka þá og yfirfara og pakka þeim í gám sem sendur er út til Úkraínu um miðjan nóvember. Eimskip hefur styrkt verkefnið varðandi flutning til meginlandsins þaðan sem gámurinn er gjarna fluttur á bíl á áfangastað. Þar taka sjálfböðaliðar á móti varningunum og sjá um dreifingu. Þau hafa mjög góða vitneskju um hvar gjafirnar eiga best heima þannig að allir pakkar skila sér á rétta staði.

Á heimasíðu verkefnisins má finna allar frekari upplýsingar um verkefnið og um móttökustaði og dagsetningar, www.skokassar.is. Einnig á Facebook-síðu verkefnisins.

VIÐ ERUM FLUTT Í GAGNHEIÐI 17



Sími 482 1944 | Gagnheiði 17, Selfossi
selfoss@prentmetoddi.is | www.prentmetoddi.is

Velkomin
í heimsókn
til okkar



Yfir beljandi fljót – Leiðsagnir í október

Í október verða tvær leiðsagnir í boði á sýninguna „Yfir beljandi fljót“ í Hússinu á Eyrarbakka. Sýningin, sem er stúffull af fróðleik og fegurð, fjallar um sögu fólks sem ferðaðist gangandi og ríðandi á tímum þegar ár og vötn klufu sveitir Arnessýslu.

Lýður Pálsson safnstjóri tekur á móti gestum sunnudaginn 5. október og Linda

Ásdísardóttir sýningarstjóri sunnudaginn 19. október.

Sýningin er mjög margþætt og frá mörgu að segja. Á sýningunni er varpað ljósi á ferðamáta fólks, ferðaútbúnað, skófatnað, reiðtygi og síðast en ekki síst sjá gestir sögubrot og sagnir sem tilheyrðu þessum tíma. Margar frásagnir hverfast eðlilega um árnar í sýslunni sem voru miklir farartálmar

eins og Ölfusá, Sogið, Brúará, Hvítá og Tungufljót og svo Þjórsá á sýslumörkum. Oft þurfti að fara langa króka til að komast á milli staða þar sem ófært var yfir ár, vötn og mýrar. Að vetri var oft hægt að fara yfir á ís.

Rétt fyrir aldamótin 1900 voru stærstu árnar, Ölfusá og Þjórsá, brúaðar og var það bylting sem kollvarpaði samgönguháttum og til langs

tíma olli breytingum á samfélaginu í takt við allar aðrar breytingar til nútímahátta.

Báða dagana hefst leiðsögn kl. 14.00 en safnið sjálft er opið alla sunnudaga í október kl. 13 – 17. Ókeypis er í safnið í tilefni af Menningarmánuðinum október og sama á við um alla viðburði safnsins.

Heitt á könnunni og verið velkomin.



Ljósmynd: Njálufélagið/Árni Sæberg

Njáluvakan mun lifa og efla Rangárþing

Góðir gestir heimsóttu Framsókn að Eyrarvegi laugar-daginn 27. okt sl. Það voru Njálumennirnir Guðni Ágústsson, Lárus Ágúst Bragason, Eiríkur Vilhelm Sigurðarson og Einar Þór Guðmundsson. Tilefnið var að segja frá Njáluvökunni í Rangárþingi sem tókst með eindæmum vel. Guðni er formaður Njálufélagsins og setti fundinn með nokkrum orðum, snéri sér síðan að Einari Þór, tveggja metra manni, og kynnti hann inn sem einsöngvara úr óperuhúsum Evrópu og nú kórstjóra Karla-kórs Rangæinga, af Norðurhjáleigukyni með sönginn í genunum. Guðni bað nú Einar að syngja Skarphéðin í brennunni. Þetta var einstakt upphaf að skemmtilegum fundi.

Síðan skiptust þeir félagar á að segja frá Njáluvökunni og hvernig þessi einstaki viðburður varð til. Guðni hafði gengið með þetta fóstur í mörg ár og nú hittust þeir Lárus eftir áramótin í erfidrykkju kaupfélagsstjórans Ólafs Ólafssonar og strengdu þess heit að gera alvöru úr draumum sínum. Lárus er leiðsögumaður og þekkir Njálu best allra Rangæinga og er kennari í Fjölbrot til fjörutíu ára. Þeim bar saman um að Eiríkur Vilhelm hefði reynst einstakur framkvæmdastjóri Njáluvöku en mestu skipti hlutur Svandísar Dóru Einarisdóttur leikstjóra og hún ásamt Eiríki gjörbreyttu allri uppsetningu hátíðarinnar. Eiríkur kom með tillögu um að gera íþróttahúsið á Hvolsvelli að héraðsleikhúsi og þar setti Svandís Dóra upp meistaraverkið Njáluperlur með Ingvari Sigurðssyni, Sólveigu Arnarsdóttur

og Atla Rafni Sigurðarsyni. Það voru svo Karla-kór Rangæinga og Öðlingarnir sem sungu svo um munaði. Nú standa vonir til að þetta leikverk úr Njálu verði sýnt í Þjóðleikhúsinu. Brennureiðin var alfarið á herðum Hermanns Árnasonar og tignarlegri reið hefur ekki farið um Rangárþing en þessir níutíu og níu brennumenn í skikkjunum rauðu. Brennukvöldið og dagskráin á Rangárbökkum, sem sjö þúsund manns upplifðu, var tilfinningarík og ógleymanleg, undir stjórn Arthúrs Björgvins Bollasonar.

Þeir Eiríkur og Lárus ræddu um framtíð Njálufélagsins og verkefnin sem nú verða sett á dagskrá félagsins eins og málþing í haust, hátíð í Rangárþingi að ári með einhverju sniði og örugglega brennureið þótt eldur verði ekki kveiktur. Það þarf að merkja sögustaði Njálu og koma upp stað þar sem hægt verði að skynja og gera sér grein fyrir söguviðinu. Einnig að styðja við að Njálurefillinn fái sýningarhús og sýndarveruleika verði mögulega komið upp í því húsi, svipuðum og á Sauðárkróki um Örylgisstaðabardaga og Flugumýrabrennu.

Eftir fjörugar umræður og vöffluveislu sagði Guðni Ágústsson að Njáluvakan yrði stórvirki sem myndi setja hina miklu bók Njálu á þann stað sem henni ber að vera og þannig efla ferðamennsku og fræðastarf á Suðurlandi. Síðan bað Guðni Einar Þór að ljúka fundinum með að syngja Ísland, farsældafrón, sem hann gerði með mikilli rödd einsöngvarans.

GRJ

Auglýsing um skipulag



Eftirtaldar skipulagstillögur eru auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar þar.

Stækkun grunnskóla Þorlákshafnar – Nýtt deiliskipulag

Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir Grunnskóla Þorlákshafnar og samliggjandi byggingar. Til stendur að stækka grunnskólann til að mæta auknum fjölda íbúa og tengja hann við íþróttahúsið með viðbyggingu.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 25. september 2025.

Vakin er athygli á að kærufrestur

Skipulagstillögurnar eru til umsagnar á Skipulagsgáttinni á www.skipulagsgatt.is til og með **13.11.2025**. Til að finna ákveðið mál skal smella á „Leita að máli“ og slá inn nafn málsins í leitarreitinn.

Á Skipulagsgáttinni er hægt að:

- Skoða allar upplýsingar og gögn sem tengjast málinu
- Leggja fram athugasemdir
- Lesa þær athugasemdir sem aðrir hafa sent inn

Ef hakað er við „Vakta mál“ á tilteknu máli, fær viðkomandi tilkynningu í tölvupósti í hvert skipti sem breyting verður á málinu.

Þá er einnig hægt að nálgast upplýsingar eða gögn á Bæjarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, með því að senda fyrirspurn á skipulag@olfus.is eða hafa samband við bæjarskrifstofuna í síma 480 3800.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Skrifstofu- og verkefnastjóri
Umhverfis- og framkvæmdasvið

Vakin er athygli á að samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 73/2020 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2010, má kæra ákvörðanir sveitarstjórnar um samþykkt aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulagsáætlana til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um kærufrest fer samkvæmt 3. mgr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um fjögurra vikna kærufrest frá birtingu ákvörðunar í B-deild Stjórnartíðinda. Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga og 5. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, er sjálfstætt kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur vegna slíkrar ákvörðunar er einn mánuður, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Um meðferð kærumála gilda ákvæði laga nr. 130/2011, reglugerðar nr. 1300/2011 um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, auk ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, einkum um kærueheimild, sbr. 26. gr., andmælarétt, sbr. 13. gr., og rannsóknarreglu, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga.

Kæru skal beint til úrskurðarnefndarinnar að Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða með rafrænum hætti í gegnum kærugátt Stjórnarráðs Íslands á www.stjornarradid.is

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð húsÞriðjudagar kl. 11-13
UpprekjurÞriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkiðMiðvikudagar kl. 11-14
Opíð húsFimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
BrossiðunniFöstudagar kl. 11-13
Opíð húsFyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahópurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, SelfossiSími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.netFacebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brossið/Smárarnir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-
kus. Poniedzialek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLANDBókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlunYoga Nidra byrjar
20. okt. kl. 17:00
22. okt. kl. 17:30
24. okt. kl. 10:00Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.isCand.mag. í þróttfræðum,
nálistunur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
2. okt. kl. 13:00-14:45

OPIÐ HÚS

Fim. 2. okt. kl. 14:45

Bjarni Harðarson
bóksali verður gesturKaffi og meðlæti
kr. 1500

FUNDIR

Vöflukaffi

Þriðja vöflukaffi vetrarins
verður haldið næsta laugar-
dag 04.okt. á Eyrarvegi 15
annarri hæð á milli klukkan
11 og 12. Gestur okkar er
Arnar Ólafsson oddviti
Framsóknar í Árborg. Hann
mun fara yfir helstu mál í
sveitarfélaginu.

Allir velkomnir.



KIRKJUR

Bleik messa í Selfoskirkju
sunnudaginn 5. október kl. 11:00.
Helena Bragadóttir flytur hug-
vekju. Kirkjukór og unglingakór
synga. Organisti: Edit A. Molnár.
Prestur: Anna Eiríksdóttir. -
Félagar í Krabbameinsfélagi
Árnessýslu verða á staðnum.
Sunnudagaskóli á sama tíma
með Sjófn og leiðtogum.Við minnum á bænastundirnar í
Selfoskirkju á miðvikudögum
og fimmtögum, kl. 10:00.

Guðsþjónusta

Laugardaginn 4. október
kl.11:00
Prédikun - Dan Serb
Bíblíulestur - Jón Hjörleifur
Barnastar á sama tíma
Safnaðarheimili Sjöundadags
Aðventista
Eyravegi 67 - Selfossi
Allir hjartanlega velkomnir

Hrepphóla kirkja

Kirkjuskóli laugardaginn 4. okt-
ber kl. 11. Biblíusaga, söngur
og gleði! Verið öll velkomin!

Hrunakirkja

Guðsþjónusta kl. 11 sunnudag-
inn 5. okt. Prestur er sr. Solveig
Lára Guðmundsdóttir. Félagar
úr kirkjukórnum leiða söng undir
stjórn Eyrúnar Jónasdóttur.
Verið öll velkomin!

Ólafsvallakirkja

Guðsþjónusta kl. 13 sunnudag-
inn 5. okt. Prestur er sr. Solveig
Lára Guðmundsdóttir. Félagar
úr kirkjukórnum leiða söng undir
stjórn Eyrúnar Jónasdóttur.
Verið öll velkomin!

TAPAD/FUNDIÐ

Skeið fannst á Selfossi

Menningarmánuðurinn
október haldinn í sextánda
sinn í Sveitarfélaginu Árborg

Þann 1. október næstkomandi hefst í sextánda sinn, Menningarmánuðurinn október í Árborg. Dagskráin í ár er fjölbreytt að vanda og viðburðir í boði fyrir alla aldurs-
hópa samfélagsins. Hátíðin er mótuð af íbúum sveitarfélagsins, félagasamtökum og fleirum. Í henni kynnumst við miklu af því glæsilega menningar- og listastarfi sem fram fer í sveitarfélaginu Árborg.

Menningarmánuður hefst með kröftugum hætti 1. október á Glæpakvöldi Bókasafns Árborgar á Selfossi sem í samstarfi við Hið íslenska glæpa-
félag fá í heimsókn nýliða í glæpafélaginu, Elizu Reid, Arndísi Þórarinsdóttur og Guðjón H. Bernharðsson. Ævar Örn Jóseppson glæpaforingi mun stýra umræðum.

Félag eldri borgara á Selfossi fær til sín frábæra gesti á Fimmtudagsskemmtanir, Byggðasafn Árnesinga er með viðburði alla sunnudaga, opið og frítt inn, Leikfélögin á Selfossi og Eyrarbakka standa fyrir dagskrá og Myndlistarfélag Árnesinga býður upp á hvorki meira né minna en 21 viðburð í október.

Ölfusárbrúin á 80 ára afmæli í ár og verður því gert skil í gluggasýningu Héraðsskjalasafnsins að Austurvegi 2 og

stútfullri dagskrá á Sögukvöldi 8. október þar sem Lýður Pálsson flytur erindi, ljósmyndasýning Ragnars Sigurjónssonar „Dekkið“ verður afhjúpuð, Kristján Ólafsson leikur á harmonikku og Kjartan Björnsson veislustýrir.

Í ár verður bæði Þjóðmenningarhátíð og Fjölmenningarhátíð. Þjóðbúningafélag Íslands í samstarfi við Byggðasafnið og Árborg verða með dagskrá 11. - og 12. október. Fjölmenningarhátíð verður síðan þann 25. Október á Stað, Eyrarbakka.

Lóaboratoríum verður með smíðju fyrir börn á Bókasafni Árborgar, List fyrir alla býður upp á Múrbalasmíðjur í grunnskólum Árborgar fyrir alla nemendur á miðstigi og hrekkjavökunni verða gerð góð skil með myrkrasýningu í Listagjálni. Fjölmarginir listamenn verða með opnar vinnustofur, nemendur FSU sýna í Sundhöll Selfoss, Zelsíus og Sundhöllin með miðnætursund, skátarnir kvöldvöku og í ár verða Menningarverðlaun Árborgar endurvakin og veitt þann 26. október á Byggðasafni Árnesinga.

Við hvetjum íbúa sveitarfélagsins og alla aðra til þess að kynna sér dagskrána og njóta saman menningar og listar í október.





Hellisskógur árið 1985.



Hellisskógur í dag.

Hellisskógur 40 ára

Um þessar mundir eru liðin 40 ár frá því Skógræktarfélag Selfoss hóf uppbygging útivistarsvæðis í Hellisskógi. Félagið er þó mun eldra, en það var stofnað 16. maí 1952. Félagið tók í upphafi við skógræktargirðingu í Rauðholti við íþróttavöllinn á Selfossi, en áður hafði það svæði verið í umsjón Ungmennafélags Selfoss. Upp úr 1970 var ljóst að það svæði hentaði ekki félaginu enda hluti svæðisins kominn undir aðra starfsemi. Skógræktarfélagið flutti þá starfsemi sína að Snæfoksstöðum í Grímsnesi og plantaði þar trjágróðri næstu 15 árin.

Upp úr 1980 jókst áhugi félagsmanna að byggja upp skógræktar- og útivistarsvæði í nálægð við Selfossbæ og var erindi þess efnis sent bæjarstjórn vorið 1982, en Hellisland var þá þegar komið í umræðuna sem hentugur staður. Það var svo 1. október 1985 að samningur við Selfossbæ um uppbyggingu svæðisins var undirritaður og svæðið strax nefnt „Hellisskógur“ þó engin tré væru á svæðinu. Um var að ræða tæplega helming þess lands sem síðar varð. Frá árinu 1986 hefur Hellisskógur við Selfoss verið aðal vinnusvæði skógræktarfélags Selfoss.

Starfið í Hellisskógi

Landið var í upphafi illa farið eftir langvarandi ofbeit hrossa og sauðfjár. Mýrlendið var víða gróðurlítið og í holtunum voru stór rofaborð. Svæðið var fyrst hreinsað af drasli, fjárhúsbröggum og girðingaleifum og hafist handa við uppgræðslu á rofsvæðum. Þar var meðal annars notaður garðaúrgangur og gras frá Selfossbæ sem unglingavinnan sá um að koma fyrir.

Haustið 1986 var fyrsti hluti svæðisins girtur af og var þá 53,8 ha að stærð. Plöntun hófst vorið 1986, en þá var plantað 2000 víðiplöntum í skjólbelti rétt innan við aðalinnganginn neðst á svæðinu. Um haustið voru 16 ha. af mýrlendinu við Grímskletta plægðir og undirbúnir undir plöntun. Næstu ár á eftir unnu sjálfbodaliðar á vegum skógræktarfélagsins, vinnuhópar úr unglingavinnu, grunnskólanemendur og hópar kostaðir af atvinnuleysisjóði hörðum höndum við plöntun og umhirðu plantna og ásamt lagningu göngustíga. Einnig voru lagðir vegir um svæðið.

Þessi fyrsti hluti Hellisskógar var fullplantaður árið 1994. Þá var gerður nýr samningur og svæðið stækkað um 72.2

ha. Heildarstærðin var þá 126 ha. og náði upp að Biskupstungnabraut. Hellirinn og gamla bæjartorfan varð með stækkuninni innan skógræktarsvæðisins.

Frá upphafi var ákveðið að reyna að vernda fjögur stór mýrlendi innan svæðisins í þeim tilgangi að vernda kjörlendi votlendisvarpfugla. Einnig hefur verið notað áveitukerfi til mynda tjarnir og votlendi á nýjum svæðum. Sumt hefur tekist vel en ljóst er að þessi votlendissvæði eru smásaman að þróast yfir í skóglendi, því birkir og víðir sáir sér mikið út í friðuðu mýrarnar.

Árið 2003 var unnið deiliskipulag að svæðinu og í tengslum við það fór fram víðamikil skráning á fornminjum og minjastöðum í Hellisskógi.

Framkvæmdir í Hellisskógi hafa verið fjármagnaðar með félagsgjöldum, gjafafé frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum auk árlegra styrkveitinga frá Sveitarfélaginu Árborg.

Frá upphafi framkvæmda í Hellisskógi hafa sjálfbodaliðar á vegum skógræktarfélagsins árlega unnið 2-8 kvöld við plöntun og önnur störf. Nokkur félagasamtök og klúbbar hafa einnig komið og plantað. Hópar frá grunnskólum á Selfossi hafa plantað í Hellisskóg flest ár. Vinnuflokkar frá unglingavinnu hafa lagt stíga um skóginn og unnið að viðhaldi þeirra.

Júlíus Steingrímsson, einn af velgjörðarmönnum félagsins, arfleiddi félagið að öllum sínum eignum fyrir um 20 árum. Þessi höfðinglega gjöf hefur meðal annars verið nýtt til að koma upp trjástöfum í skóginum, en trjástöfn eru nú á þremur stöðum í skóginum. Síðustu árin hafa verið settar upp merkingar við elstu trén í trjástöfnunum og er sú vinna rétt að byrja.

Á komandi árum er stefnt að áframhaldandi plöntun samkvæmt gildandi deiliskipulagi og markvissri aukningu í stígagerð og vegagerð um svæðið, bæði til að auðvelda gróðursetningu og viðhald svæðisins en einnig til að auka útivistarmöguleika.



Hellisskógur árið 1986.



Hellisskógur í dag.

Hellisskógur hefur smám saman orðið eitt helsta útivistarsvæði Selfyssinga rétt eins og stefnt var að í upphafi.

Nú er búið að setja upp gönguleiðakort á áberandi stöðum og merkja þrjár góðar gönguleiðir. Alls eru gönguleiðir innan svæðisins um 8 km að lengd. Einnig hafa verið sett upp spjöld með myndum af helstu fuglategundum á svæðinu.

Miklar framkvæmdir við nýjan Suðurlandsveg og brúargerð hafa verið í Hellisskógi síðasta árið. Þetta er verk sem reiknað var með strax í upphafi 1985 en er núna loks komið í framkvæmd. Þetta veldur tímabundnum vandræðum fyrir gesti skógarins. Vegna breytinga á skipulagi sem framkvæmdir valda var ákveðið að endurnýja ekki skipulagskortidi sem er við bílastæðið fyrir en að loknum framkvæmdum.

Haustið 2024 var farið í tilraunaverkefni um að byrja á því að útbúa gönguskiðabrautir um efsta hluta Hellisskógar. Þar eru nú komnar tvær brautir, 1,1 km og 1,5 km að lengd. Þessar brautir nýta jafnframt sem gönguleiðir á sumrin og þegar ekki er snjór. Aðkoman er af bílastæði við Biskupstungnabraut.

Vöxtur og viðgangur trjágróðurs í Hellisskógi hefur verið framar vonum þessi 40 ár og á stóru svæði er nú að vaxa upp skógur sem er löngu farinn að standa undir nafni. Tugir gesta sækja svæðið heim daglega allan ársins hring og njóta þess skjóls og hugarró sem skógurinn veitir.

Skógræktarfélag Selfoss á sína vefsíðu: www.hellisskogur.is. Auk fræðslu um félagið og starfsemi þess eru þar upplýsingar um Hellisskóg og fyrri plöntunarsvæði í Rauðholti og á Snæfoksstöðum.

Útivistardagur

Í tilefni af þessum tímamótum verður efnt til útivistardags í skóginum laugardaginn 4. október n.k. kl. 11-14. Þar verður boðið upp á ýmsa afþreyingu og útivist fyrir unga sem aldna, s.s. göngu um skóginn undir leiðsögn, skokk með hlaupahópnum Frískum flóamönnum, ratleik í skóginum ásamt fræðslu um fugla í og við Helliskóg. Þá munu félagar í Stangaveiðifélaginu fræða fólk um veiðina í Ölfusá og án efa munu félagar í „Brúarsmíðaflokknum“ mæta og ræða heimsmálin! Hátíðinni líkur svo með grilluðum pylsum, gosi, kaffi og kleinum.

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

stiflulosun.is

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildrur
- Sandgildrur
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsaheinsun

ÁRATUGA REYNSLA OG SÉRÞEKKING Á FRÁVEITUMÁLUM

VIÐ ÞJÓNUSTUM

EINSTAKLINGA FYRIRTÆKI HÚSFÉLÖG SVEITAFÉLÖG

VIÐ ELSKUM STÍFLUR!

510-1180 / 669-8441

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

S: 692-2575
800 SMÍÐI

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Lagnir og Lausnir ehf

Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

Stíflupjónusta Sævars Selfossi

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR 20 ÁRA REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Við prentum ljósmyndir
honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun í öllum algengustu ljósmyndastærðunum.

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

prentmet
heildarlausnir í prentun

Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

NÝLAGNIR - HITAKERFI FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

Raflagnir Tölvulagnir Ljósleiðaralagnir

TR

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.tr.is

BYGGINGARÞJÓNUSTA SUÐURLANDS

Nýbyggingar · Viðgerðir
Endurbætur

Áreiðanleg þjónusta með reynslu

Sími 659 3522 / 772 8906
bygg@byggingarsudurlands.is
www byggingarsudurlands.is

800 LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FÁÐU TILBOÐ Í PINN PALL

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR
Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki

FRÁRENNSLI
GEFUM GÖMLUM LÖGNUM NÝTT LÍF

Myndum og staðsetjum lagnir

Stíflulosun og rótarhreinsun
15 ára reynsla

Sími 571 0300
frarennsl@gmail.com

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bntnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRACAF VINÁTTU!

Fæst hjá BYKO Selfossi

ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun
Meirapróf
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun · Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Far sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is